

41 undir skólar og söfn, útvarp, viðtækjaverzlun og ríkisprentsmiðja heyra undir
7. ágúst sama ráðherra.

Af þeim málum, sem samkvæmt konungsúrskurðinum heyra undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, skulu hins vegar landbúnaðarmál, þar undir löggjöf um afurðasölu landbúnaðarins innanlands, vegamál og þjóðjarðir heyra undir forsætisráðherra Hermann Jónasson, sem jafnframt er dóms- og kirkjumálaráðherra.

Áfengisverzlun ríkisins, sem heyrt hefir undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, skal nú heyra undir Eysteinn Jónsson, fjármálaráðherra.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, Reykjavík, 7. ágúst 1934.

Hermann Jónasson.

42

BRÁÐABIRGÐALÖG

9. ágúst

um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss að óhjákvæmilegt sé að setja þegar í stað ákvæði til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir innanlands og koma á viðskiptin betra skipulagi en hingað til hefir verið, svo og til þess að ákveða og jafna verðlag á kjöti framleiðendum til hagsbóta, en verð það sem framleiðendur hafa hingað til fengið hefir verið mjög mismunandi í landinu, og ekki sízt hefir mismunur oft verið mjög mikill á verði þess kjöts, sem selt hefir verið innanlands og þess sem selt hefir verið úr landi. Þar sem svo stendur á, sem að framan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs. Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefni einn mann, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga tilnefna í sameiningu einn, Landssamband iðnaðarmanna einn, Alþýðusamband Íslands einn og landbúnaðarráðherra einn mann í nefndina, sem jafnframt er formaður hennar.

Nefndin ræður fulltrúa, sem annast dagleg störf. Hún getur valið sér trúnaðarmenn eða skipað eftirlitsnefndir, eftir því sem þörf krefur.

42

9. ágúst

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Kjötverðlagsnefndin ákveður verðlag á kjöti á innlendum markaði í heildsölu og smásölu.

Enginn má selja eða kaupa kjöt við öðru verði en því sem nefndin ákveður á hverjum stað á hverjum tíma.

3. gr.

Enginn má slátra sauðfé til sölu, né verzla með kjöt af því í heildsölu, án leyfis kjötverðlagsnefndar. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annara félaga. Ennfremur getur nefndin veitt leyfi þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 áttu eða starfræktu sláturhús, sem fullnægðu ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933.

Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.

4. gr.

Greiða skal verðjöfnunartillag af öllu slátruðu sauðfé, nema því sem framleiðendur nota til heimilisþarfa. Upphæð tillagsins má nema allt að 8 aurum á hvert kg. af kjöti, eftir nánari ákvörðun kjötverðlagsnefndar. Heimilt er nefndinni að ákveða mismunandi verðjöfnunartillag eftir kjöttegundum.

Verðjöfnunartillagið hefir lögtaksrétt til loka næsta árs eftir að slátrun fór fram.

5. gr.

Samvinnufélög og aðrir, sem slátra fé til sölu, skulu gefa kjötverðlagsnefnd skýrslur um daglega slátrun, staðfestar af kjötmatsmönnum og standa skil á verðjöfnunartillaginu til nefndarinnar. Gjaldþagi er þegar slátrun fer fram.

Nefndin geymir verðjöfnunarsjóð á tryggum stað, þann tíma sem hún hefir hann undir höndum.

6. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið þannig:

- Til endurgreiðslu verðjöfnunartillagsins af því kjöti, sem út er flutt.
- Til að greiða fyrir sölu sláturfjárafurða innanlands.
- Til verðuppbótar á útflutt dilkakjöt. Verðuppbótin má þó ekki verða svo há, að nettóverð útflutta kjötsins verði hennar vegna fyllilega eins hátt og nettóverð sömu tegunda af kjöti, sem selt er á verðhæsta innlendum markaði. Það verð sem Samband ísl. samvinnufélaga greiðir deildum sínum fyrir útflutt kjöt af framleiðslu hvers árs, telst útflutningsverð á því ári.

Verði afgangur í verðjöfnunarsjóði, þegar greitt hefir verið samkvæmt fram-

42 ansögðu, skal honum varið til uppbótar á öllu seldu kjöti, þannig, að sá verð-
9. ágúst mismunur, sem nefndin hefir ákvæðið, raskist ekki.

7. gr.

Greiða skal jafnháa verðuppbót samkvæmt ákvæðum 6. gr. á hvert kg. sömu tegundar af útfluttu dillakjöti, hvaðan sem það er af landinu.

8. gr.

Skýlt er öllum, sem verzla með sláturfjárafurðir, að láta kjötverðlagsnefnd í té allar upplýsingar og skýrslur, er hún óskar eftir, viðvíkjandi sölu og sölu-
horfum á sláturfjárafurðum, bæði innanlands og utan.

9. gr.

Landinu skal skipta í verðlagssvæði eftir aðstöðu til markaðs og flutninga. Nefndin skal ákveða verðlag á hverju verðlagssvæði fyrir sig.

10. gr.

Kjötverðlagsnefnd gerir þær ráðstafanir, er hún telur þurfa til þess að inn-
lendi markaðurinn notist sem bezt. Hún hefir eftirlit með því, að gætt sé hag-
sýni og sparnaðar við slátrun og í allri meðferð sláturfjárafurða og verzlun með
þær. Í því skyni getur nefndin takmarkað fjölda útsölustaða, þar sem henni
virðist þurfa.

11. gr.

Kjötverðlagsnefnd er heimilt, ef hún telur þess þörf, að láta ákvæði þessara
laga um sölu og verðjöfnunartillag gilda um nautakjöt og fleiri sláturfjárafurðir.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd
laga þessara. Í reglugerð má ákveða sektir við brotum gegn henni.

13. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum allt að 10,000 krónum. Brot gegn öðrum á-
kvæðum laga þessara varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing
liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborg, 9. ágúst 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.